



Alþýðusamband Íslands

Réttur fólksins – ekki rukkaranna

9. janúar 2009 setti ASÍ fram formlega kröfu á ríkisstjórnina um réttarbætur fyrir skuldara. Gerð var krafa um breytingar á gjaldþrota-, aðfara- og uppboðslögum. Jafnframt var krafist laga um greiðsluaðlögun sem raunar hefur verið krafa af hálfu ASÍ frá því á tíunda áratug síðustu aldar. Allt árið 2009 gerðist næsta lítið annað en að skuldir og uppboð voru fryst og sett var ófullkomin og flókin lög um seinvirka og dýra greiðsluaðlögun.

Ársfundur ASÍ haustið 2009 skerpti kröfur sínar og krafðist þess að lög yrðu sett sem veitt gætu skuldsettum og varnarlausum einstaklingum vörn gegn óhóflegri gjalddöku og harðræði af hálfu innheimtuaðila. Viðhorf ASÍ var að núgildandi lög veittu ekki það skjól sem skuldsettum og varnarlausum einstaklingum er nauðsynlegt þegar gjaldfallnar skuldir eru innheimtar í skjóli einfaldra, hraðvirkra og beitra réttarfarsúrræða sem kröfuhöfum hafa verið sköpuð til verndar hagsmunum sínum.

Í febrúar 2010 ákvað ASÍ að fylgja kröfum sínum eftir með sérstakri auglýsingaherferð í fjölmiðlum undir fyrirsögninni „Réttur fólksins – ekki rukkaranna“. Þetta virtist hrífa og nú hafa lítið dagsins ljós tvö lagarfrumvörp. Annars vegar bandormur um breytingar á uppboðs-, aðfara- og gjaldþrotalögum og hins vegar nýr lagabálkur um greiðsluaðlögun í samræmi við tillögur ASÍ. Þetta var unnið í samvinnu við sérfræðinga ASÍ sem var loks hleypt að formlegri vinnu að þessum málum innan ráðuneytanna.

Í stuttu máli hefur eftirfarandi náðst fram í frumvarpsformi til Alþingis:

Bann verður sett á innheimtukostnað lögmanna af gjaldfelldum skuldbindingum og takmarkast hann nú við þann hluta lána sem fallinn er í gjalddaga en ekki lánin gjaldfelld.

Settar verða formlegar leiðbeiningar til sýslumanna um eðlilega þóknun lögmanna fyrir hin og þessi smáviðvik sem hingað til hafa verið eftirlitslaus.

Tryggt verður að skuldir innan matsverðs fasteigna falli niður við nauðungaruppboð, hvað sem uppboðsverði líður en algengt er að fasteignir fari á allt að 20% af fasteignamati á nauðungaruppboðum.

Tryggt verður að fjölskyldur haldi í allt að 12 mánuði frá nauðungaruppboði eða gjaldþroti rétti til búsetu í íbúðarhúsnæði fjölskyldunnar gegn greiðslu eðlilegrar leigu.

Frumvarp til nýrra laga um greiðsluaðlögun (aðlögun skulda að greiðslugetu og eignastöðu) mun fela í sér:

Eitt úrræði og eitt einfalt og fljótvirkt ferli sem ná mun bæði til almennra skulda og veðskulda, þ.e. bæði íbúðalána og bifreiðalána.

Nauðungarsölur munu stöðvast þegar og beiðni um greiðsluaðlögun er tekin fyrir.

Að skilmálabreyta megi lánum þ.a. að gengistrygging sé felld niður, gjalddögum fjölgað og lánstími lengdur o.fl. Raunar er þetta ekki orðað nægilega skýrt í frumvarpinu að okkar mati og mun þess freistað af fá það lagfært.

Að hið opinbera muni fjármagna og reka „skilaneindir“ heimilanna en ákveðið hefur verið að stofna sérstakt embætti umboðsmanns skuldara sem mun annast greiðsluaðlögunarferlið án þess að fólk þurfi að borga fyrir það sjálf í stórum stíl eins og nú er.

ASÍ hvetur þingmenn hvar í flokki sem þeir standa til þess að veita þessum málum fljóta afgreiðslu svo mæta megi hratt og vel þeim þúsundum fjölskyldna sem beðið hafa úrlausn sinna mála í skjóli frystinga á skuldum og nauðungarsölum. Ríkið og bankarnir hafa þegar komið til móts við þann hóp sem haldið hefur vinnu og sem ráðið getur við skuldir sínar með nokkrum tilslökunum. Nú er hins vegar loks komið að þeim sem lentu undir í rústunum og sem hefði átt að bjarga fyrst af öllum.

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.